



Félag Lífeindafræðinga

Forsætisráðuneytið  
Stjórnarráðshúsinu  
101 Reykjavík

Reykjavík 4. október 2021

**Efni: Umsögn Félags lífeindafræðinga vegna máls nr. 173/2021 Verðmætamat kvennastarfa, tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa**

Félag lífeindafræðinga (FL) fagnar skýrslu starfshópsins, telur hana vel unna og gefa skýra mynd af launamun kynjanna og jafnrétti á vinnumarkaði út frá sögu og þróun. Eins og fram kemur þá sýna rannsóknir fram á að kynskiptur vinnumarkaður er megin orsök kynbundins launamunar. Í núgildandi jafnréttislögum er ákvæði um að öllum kynjum skulu greidd jöfn laun og þau skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Skilaboðin eru skýr, að bera skal saman sömu störf eða jafnverðmæt bæði innan stofnunar/fyrirtækis og á milli stofnana/fyrirtækja. Í skýrslunni kemur fram að höfundar hennar telja ekki að þau tæki sem eru til staðar eins og starfsmat sveitafélaga og jafnlaunavottun dugi til að leiðrétta þann launamun sem er til staðar. Því er það jákvætt að samkvæmt tillögu starfshópsins verði stofnaður aðgerðahópur stjórnvalda um launajafnrétti með aðild aðila vinnumarkaðarins. FL styður það hlutverk aðgerðarhópi sem verður m.a að:

- Greina vandann. Koma á fót þróunarverkefni um mat á virði starfa til að greina hvaða þættir það eru sem einkenna kvennastörf og kunna að vera vanmetnir.
- Þróa verkfæri. Samhliða greiningu verði þróuð verkfæri sem fangi jafnvirðisnálgun laganna og styðji við þau verkfæri sem þegar eru til staðar. Er þeim ætlað að aðstoða atvinnurekendur við að uppfylla lagaskilyrði um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.
- Þróa samningaleið um jafnlaunakröfur með aðilum vinnumarkaðarins. Þar verði m.a. horft til þess hvaða áhrif breytingar á ráðningasamböndum og útvistun starfa hafa á launamun kynjanna.
- Auka þekkingu og vitund um jafnvirðisnálgun jafnréttislaga m.a. með fræðslu, ráðgjöf og auknu samtali.

Félag Lífeindafræðinga er fagstétt þar sem konur eru í miklum meirihluta eða yfir 95% félagsmanna. Námið er fjöggra ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám sem lýkur með B.Sc gráðu í lífeindafræði. Að því loknu tekur við eins árs diplómanám eða tveggja ára meistaranám. Bæði diplóma- og meistaragráða í lífeindafræði opna leið til að sækja um starfsleyfi hjá Embætti Landlæknis og þannig öðlast rétt til að kalla sig lífeindafræðing.

Skortur er á lífeindafærðingum út um allan heim og mikil eftirspurn eftir þeim til starfa. Sú staða lífeindafræðinga endurspeglast ekki í kjörum stéttarinnar. Það skýrist meðal annars af því að viðmið stjórnvalda og viðsemjenda okkar er venjulegast aðar heilbrigðisstéttir sem eru einnig að meiri hluta konur sem vinna vanmetin störf en ekki sambærileg störf háskólamenntaðra þar sem kynjahlutföll eru önnur. Því fögnum við þeirri vegferð sem hafin er og treystum því að farið verði alla leið í því að leiðrétta þá mismunun sem fólgin er í kynbundum launamun og mati á störfum. Það er gert með því að þróa réttlát verkfæri til að bera skal saman sömu störf eða jafnverðmæt bæði innan stofnunar/fyrirtækis og á milli stofnana/fyrirtækja og í samráði við fólkið sem vinnur störfin.

Virðingarfyllt,

Alda M Hauksdóttir  
Formaður Félags Lífeindafræðinga